

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 832/2012

2013/EES/16/36

frá 17. september 2012

um leyfi fyrir ammóníumklóríðblöndu sem fôðuraukefni fyrir eldislömb (leyfishafi er Latochemia Co. Ltd) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fôðri⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa til að nota aukefni í fôður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.
- 2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir ammóníumklóríði. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 3) Umsóknin varðar leyfi fyrir ammóníumklóríðblöndunni, sem tilgreind er í viðaukanum, í aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“, sem fôðuraukefni fyrir eldislömb.
- 4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“) komst að þeirri niðurstöðu í álit sínu frá 31. janúar 2012⁽²⁾ að ammóníumklóríðblandan, sem tilgreind er í viðaukanum, hafi, við tillögð notkunarskilyrði og þegar hún er gefin í takmarkaðan tíma, ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna

eða á umhverfið og að notkun hennar geti lækkað pH-gildið í þvagi úr eldislömbum. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fôðuraukefnið í fôðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

- 5) Mat á ammóníumklóríðblöndunni sem tilgreind er í viðaukanum sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnun „önnur dýraræktaraukefni“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fôður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. september 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Forseti.

José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 251, 18.9.2012, bls. 27. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 5/2013 frá 1. febrúar 2013 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, bíður birtingar.

(¹) Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

(²) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2012* 10 (2), 2569.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnafórmúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarksinnihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg aukefnis/kg heilföðurs með 12% rakainnihaldi			
Flokkur dýræktaraukefna. Virkur hópur: önnur dýræktaraukefni (tækkun pH-gildis í þvagi)									
4d7	Latochema Co. Ltd	Ammóníum- klóríð	<i>Samsetning aukefnis</i> Ammóníumklóríð $\geq 99,5\%$ (Fast form) <i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</i> Ammóníumklóríð $\geq 99,5\%$ NH ₄ Cl CAS nr.: 12125-02-9 Natriumklóríð $\geq 0,5\%$ Framleitt með efnasmíði <i>Greiningaraðferð</i> ⁽¹⁾ Magnákvörðun ammóníumklóríðs í fõðraukefni: titrun með natriumhýdroxíði (Evrópska lyfjaskráin, gæðalýsing efnis 0007) eða titrun með silfurnítrati (sameiginleg sérfræðinganefnd Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðaheilbrigðismálast ofnunarinnar um aukefni í matvælum, gæðalýsing efnis „ammóníumklóríð“).	Eidislömb	—	—	10 000	1. Aukefnið skal vera í forblöndu þegar það er notað í fõður. 2. Varðandi öryggi: við meðhöndlun skal nota öndunaryörn, augnhlífar, hlífðarhanska og hlífðarfatnað. 3. Fõður sem inniheldur aukefnið skal ekki gefa lengur en í þrjú mánuði.	8. október 2022

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fannlegar á eftirfarandi síðu tilvísunarrannsóknarstofnunar: http://irmm.jrc.ec.europa.eu/EURLs/EURL_feed_additives/Pages/index.aspx